

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Samfélagssjóð Fljótsdals, nr. 295/2020.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

10. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Úthlutun.

Einstaklingar, félög og aðrir lögaðilar geta fengið styrki úr sjóðnum óháð búsetu enda uppfylli verkefni sem óskað er eftir að verði styrkt skilyrði sem fram koma í 3. gr. og skilyrði úthlutunarreglna sem stjórn skal setja sjóðnum. Óheimilt er að veita styrki úr sjóðnum áður en stjórn hefur samþykkt úthlutunarreglur. Stjórn er heimilt að endurskoða úthlutunarreglur fyrir árslok ár hvert.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og ákveður úthlutun til einstakra verkefna og hvernig þeir greiðast til styrkþega.

Komi fram umsókn um styrk að fjárhæð kr. 4.000.000 og hærra skal stjórn leita ráðgjafar utanaðkomandi aðila um afgreiðslu hennar og skal skrifleg umsögn slíks aðila liggja fyrir þegar stjórn tekur ákvörðun um hana. Með sama hætti er stjórn heimilt að leita ráðgjafar utanaðkomandi aðila vegna umsókna um styrk um fjárhæðir undir kr. 4.000.000 telji hún þörf á.

Um fyrirkomulag og fjárhæð styrkja, greiðslu þeirra, auglýsingu, ákvarðanatöku og utankomandi ráðgjöf skal nánar kveðið á um í úthlutunarreglum.

Stjórn ákveður heildarfjárhæð sem er til úthlutunar. Hún skal jafnframt gæta þess að óskerðanlegt stofnfé sjóðsins sé nægjanlegt svo ganga megi frá slitum sjóðsins, þegar og ef sú ákvörðun verður tekin, sbr. 12. grein.

11. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Reikningsárið, ársreikningar, endurskoðun og ársfundur.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins skal ráða skoðunarmann (einn eða fleiri) eða endurskoðanda (endurskoðunarfyirtæki) til að setja upp ársreikninga sjóðsins. Skoðunarmaður eða endurskoðandi sjóðsins má ekki koma úr hópi stjórnarmanna. Ársreikningar sjóðsins skulu staðfestir af stjórn og skoðunarmanni eða endurskoðanda (endurskoðunarfyirtæki).

Stjórn sjóðsins skal halda opinn ársfund á lögheimili hans fyrir lok apríl ár hvert. Á ársfundinum skal stjórn kynna starfsemi sjóðsins frá síðasta ársfundi, fara yfir ársreikning síðasta starfsárs og fjárhagsætlun yfirstandandi starfsárs. Ársfundurinn skal auglýstur með sannarlegum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Samfélagssjóð Fljótsdals staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 8. ágúst 2024.

Birna Ágústsdóttir.

Auður Steingrimsdóttir.